

Bjarni Kristinn Bjarnason setuskiptaráðandi kveður upp úrskurð þennan, en með úrskurði, uppkveðnum 28. júní 1974, vék skiptaráðandinn í Reykjavík, Friðjón Skarphéðinsson yfirborgarfógeti, sæti í málinu.

Úrskurðarorð:

Frávísunarkrafa varnaraðilja er ekki tekin til greina.

Þriðjudaginn 20. janúar 1976.

Nr. 10/1976. **Emma Þorsteinsdóttir og Jón Þorsteinsson**
 gegn
Þorsteini Aðalsteinssyni
Gunnari Þorsteinssyni og
Þorsteini Þorsteinssyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson og
 Björn Sveinbjörnsson.

Kærumál. Landskipti. Synjað um dómkvaðningu
 matsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 22. desember 1975, sem Hæstarétti barst 12. janúar 1976, hafa sóknaraðiljar kært úrskurð, uppkveðinn á aukadómþingi Þingeyjarsýslu 22. desember 1975. Krefjast þeir þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómara „aðallega að dómkveðja þrjá óvilhalla og hæfa utanhéraðsmenn til að framkvæma undirlandskipti á jörðinni Geiteyjarströnd II í Skútustaðahreppi, en til vara að dómkveðja fjóra utanhéraðsmenn til að framkvæma yfirlandskipti á jörðinni“. Þá krefjast sóknaraðiljar kærumálskostnaðar óskipt úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðiljum hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Af gögnum máls verður ráðið, að Geiteyjarströnd II sé sérstakt býli í óskiptri sameign málsaðilja. Beiðni sóknaraðilja um dómkvæðningu beinist að því, að skipt verði eignarhluta þeirra úr landi býlis þessa. Kröfu sína um landskipti reisa sóknaraðiljar eingöngu á ákvæðum landskiptalaga nr. 46/1941. Samkvæmt ákvæðum 1. gr. þeirra laga er það skilyrði þess, að landskipti fari fram samkvæmt þeim lögum, að land það, sem skipta á, hafi verið til samnota fyrir tvö eða fleiri býli. Hér stendur ekki þannig á, og geta sóknaraðiljar því ekki reist kröfur sínar um landskipti á reglum nefndra laga. Verða kröfur sóknaraðilja því ekki teknar til greina, og ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður aukadómþings Þingeyjarsýslu 22. desember 1975.

Ár 1975, mánudag 22. desember, var á aukadómþingi Þingeyjarsýslu, sem Sigurður Gizurarson sýslumaður hélt í skrifstofu embættisins í Húsavík, kveðinn upp úrskurður í aukadómþingsmálinu nr. 10/1975: Magnús Thorlacius f. h. Emmu Þorsteinsdóttur og Jóns Þorsteinssonar gegn Þorsteini Aðalsteinssyni og Gunnari og Þorsteini Þorsteinssonum. Mál þetta var tekið til úrskurðar í dag.

Málið er til komið vegna beiðni Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns f. h. Emmu Þorsteinsdóttur og Jóns Þorsteinssonar um, að dómkvaddir verði 3 undirlandskiptamenn til að framkvæma landskipti á Geiteyjarströnd II, og til vara, ef við þeirri beiðni verður ekki orðið, að dómkvaddir verði 4 yfirlandskiptamenn til að framkvæma yfirlandskipti samkvæmt 6. gr. laga nr. 46/1941. Skal nú víkja að málavöxtum og úrskurður lagður á málið:

Í greinargerð sóknaraðilja eru þessar dómkröfur gerðar:

Aðallega, að dómkvaddir verði þrír óvilhallir og hæfir utanhéraðsmenn til að framkvæma umbeðin landskipti á jörðinni Geiteyjarströnd II í Skútustaðahreppi, en til vara, að dómkvaddir verði fjórir óvilhallir og hæfir yfirmatsmenn til að framkvæma umbeðin skipti. Krafist er málskostnaðar úr hendi varnaraðilja in solidum.

Aðalkrafa: Lög nr. 46/1941 um landskipti geyma reglur um, hverjir séu landskiptamenn, sbr. 4. gr. laganna. Samkvæmt þeirri grein skipar sýslumaður oddamann til að framkvæma landskipti ásamt tveimur úttektarmönnum hrepps. Úttektarmenn hafa hlotið skipan samkvæmt 46. gr. laga nr. 36 frá 29. mars 1961.

Lögmaður sóknaraðilja rökstyður dómkröfu sína á þann veg, að matsmenn hafi hafnað að framkvæma landskiptin á augljóslega röngum grundvelli og því vanrækt skyldu sína og orðið vanhæfir.

Um þessa staðhæfingu þykir rétt að taka fram: Í landskiptalögum nr. 46 er gert ráð fyrir því, að landskiptamenn kunni að hafna kröfu um landskipti, sbr. 1. gr., 3. gr., 3. mgr., og 6. gr. laganna. Lögin heimila hvergi, að sýslumaður taki að segja matsmönnum fyrir verkum. Matsmennirnir hafa ekki gerst vanhæfir, sbr. meginreglur 46. gr. laga nr. 36/1961 og 36. gr. laga nr. 85/1936. Hefur sýslumaður því ekki með stjórnarsýslugerningi kvatt nýjan oddamann til starfa né heldur hafa varaúttektarmenn tekið við störfum aðalmanna.

Varakrafa: Undirlandskiptamenn höfnuðu kröfu um landskipti á skiptafundi 9. okt. 1974. Lögmanni skiptabeiðenda var tilkynnt um skiptafund þennan með símskeyti. Á fundinum mætti Jón Illugason, oddviti Skútustaðahrepps, af hálfu skiptabeiðenda. Lögmaður skiptabeiðenda hafði því tök á þegar eftir fundinn að kynna sér, hvað gerðist á honum. Hann beiddist hins vegar ekki dómkvaðningar yfirmatsmanna fyrr en í júní 1975. Vær því 6 mánaða frestur samkvæmt 5. gr. landskiptalaga liðinn.

Að svo vöxnu máli er ekki unnt að verða við kröfu sóknaraðilja um dómkvaðningu undirmatsmanna eða yfirmatsmanna.

Málskostnaður fellur niður.

Því úrskurðast:

Krafa Emmu Þorsteinsdóttur og Jóns Þorsteinssonar um dómkvaðningu þriggja hæfra og óvilhallra utanhéraðsmanna til að framkvæma landskipti á jörðinni Geiteyjarströnd II í Skútustaðahreppi er ekki tekin til greina.

Varakrafa sömu aðilja um dómkvaðningu 4 óvilhallra manna til að framkvæma yfirlandskipti á Geiteyjarströnd II í Skútustaðahreppi er ekki tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.